

377. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 4. júní 2025 kl. 15:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Anton Sveinn McKee, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Helga Þórðardóttir lögræðingur.

Teams: Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason, Olga Bjarnadóttir og Forföll: Daníel Jakobsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Dagskrá:

Willum Þór Þórsson forseti setti fund og stýrði honum.

1. Störf framkvæmdastjórnar

Andri Stefánsson og Helga Þórðardóttir fóru yfir glærukynningu um helstu þætti varðandi hlutverk og verkefni framkvæmdastjórnar.

2. Nordic Talent Scholarship

Erindið var tekið fyrir í framkvæmdastjórn með rafrænum hætti á milli funda en er hér á dagskrá til formlegrar staðfestingar í fundargerð.

Ólympíunefndum á Norðurlöndum hefur verið veittur styrkur frá Lars Weinaa stofnuninni (Lars Weina Foundation) upp á 80.000 Evrur til þess að styrkja efnilegt íþróttafólk á Norðurlöndunum og hlýtur ÍSí að styrk að upphæð 16.000 Evrur, fyrir einn ungan og hæfileikaríkan íþróttamann á aldrinum 16-21 árs. Auk hæfileika í íþróttum þarf viðkomandi að vera góð fyrirmynd og vera heilsteypt og jákvæð manneskja.

Starfsfólk Afreksmiðstöðvar ÍSí tilnefndi til framkvæmdastjórnar ÍSí styrkþega, eftir ítarlega skoðun umsókna sársambanda í Afrekssjóð ÍSí um einstaklinga sem uppfylltu ofangreind skilyrði, samskipti við sársambönd um málið og tilnefningar sársambanda til verkefnisins. Valið var erfitt enda úr mörgu hæfileikaríku og glæsilegu íþróttafólki að velja.

Framkvæmdastjórn samþykkti að sækja um ofangreindan styrk fyrir Eir Chang Hléisdóttur, frjálsíþróttakonu. Eir er fædd árið 2007 og er því 17 ára gömul. Hún náði á árinu 2024 lágmörkum til að keppa á NM U20, EM U18 og HM U18. Hún sigraði 200m hlaup á NM U20 og keppti í undanúrslitum á EM U18 í 400m hlaupi.

Veturinn 2024-2025 sýndi hún miklar framfarir og bætti meðal annars 21 árs gamalt Íslandsmet (fullorðinna) í 200m hlaupi kvenna innanhúss og komin með lágmark til þess að keppa á Evrópumeistaramóti ungmenna í sumar. Eir er metnaðarfull, fyrirmyndar-nemandi og góður félagi.

3. Fjarfundur forseta og framkvæmdastjóra norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka

Fjarfundur forseta og framkvæmdastjóra norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka verður haldinn 16. júní næstkomandi. Á fundinum verða málefni Rússa og Belarúsa og málefni

Ísraels/Gaza rædd. Forseti fór yfir þær samnorrænu yfirlýsingar sem birtar hafa verið varðandi málefni Rússlands og Belarús vegna stríðsins í Úkraínu.

Umræður urðu um málefnin. Forseti mun skýra frá niðurstöðum fundarins á næsta fundi stjórnar.

4. Fundargerðir

Fundargerð 376. fundar framkvæmdastjórnar tekin fyrir og staðfest.

5. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun á þeim.

6. Næstu fundir

Næstu fundir verða 26. júlí, 21. ágúst og 25. september nk.

7. Önnur mál

Kostnaðarþátttaka ungmenna í landsliðsverkefnum

Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri kom inn á fundinn. Hann og framkvæmdastjóri höfðu framsögu um málið.

Vísað var til úthlutunarreglna vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi sem framkvæmdastjórn samþykkti á 375. fundi og viðmið sem þeim fylgja. Fyrir liggur að ákveða þarf tilhögun á útgreiðslum. Alls er verið að gera ráð fyrir 100 milljónum króna í verkefnið á árinu 2025 sem skipt verður upp í þrjú tímabil.

Umræður urðu um einstaka þætti og málið í heild.

Heimild gefin til að úthluta vegna fyrsta ársþriðjungs 2025, byggt á rauntölum sem fram koma í umsóknum sérsambanda til Afreksjóðs ÍSÍ og þeim viðmiðum sem samþykkt hafa verið.

Samþykkt að skrifstofa vinni samantekt um málið fyrir haustið til að auðvelda yfirsýn framkvæmdastjórnar.

Smáþjóðaleikar

Kári Mímisson ræddi fjármögnun þátttöku Íslands í Smáþjóðaleikunum.

Samþykkt að skrifstofa taki saman minnisblað, til undirbúnings fyrir fund um málefnið.

Viðburðir í Laugardalshöll

Viðar Garðarsson ræddi ástandið sem skapast í kringum Íþróttamiðstöðina þegar stórir viðburðir eru haldnir í Laugardalshöll. Nýlega var hátíðleg veisla í Café Easy, á vegum sérsambands, og við veislugestum blasti óásættanleg hegðun fólks sem var að sækja tónlistarviðburð í Höllinni. Samþykkt að senda bréf til forsvarsaðila Laugardalshallarinnar vegna málsins.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:30.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.